

## Tillaga til þingsályktunar

um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson, Katrín Fjeldsted,  
Jónína Bjartmarz, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um aðgerðir til að draga úr framboði efnis þar sem ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi, er sýnt í einhverju formi. Sérstaklega verði athygli beint að hvers kyns efni eða athöfnum sem líklegt má telja að börn eða unglingar verði fyrir áhrifum af.

Áætlunin miðist m.a. að því að takmarka eins og kostur er:

- hvers kyns ofbeldi, misþyrmingar, limlestingar og manndráp í myndefni sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa og á myndböndum,
- tölvuleiki, leiktæki og leikföng sem byggjast á ofbeldi,
- ofbeldi á tölvunetum,
- ofbeldi í sýndarveruleikatakjum,
- ofbeldisefni í bókum, blöðum og tímaritum,
- annað efni eða athafnir þar sem ofbeldi er hafið til vegs, réttlætt eða dýrkað, þar sem ástæðulausar eða tilgangslausar ofbeldisathafnir eru sýndar eða ofbeldi yfirleitt án listræns eða fræðandi gildis,
- aðgengi barna og unglinga að ofbeldisefni.

Forsætisráðherra skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vinna með viðkomandi ráðuneytum, stofnunum og samtökum að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir á þessu sviði, þar með talið fræðslu, sem lögð verði fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

### Greinargerð.

Tillaga þessi hefur þrívægis áður verið lögð fram en ekki orðið útrædd. Efni hennar er áfram í fullu gildi. Ef eitthvað er fjölgar enn vísbendingum um samhengi á milli ofbeldishegðunar og ýmiss konar agavandamála annars vegar og mikils áreitis frá ofbeldisefni á unga aldri hins vegar, einkum ef við bætast erfiðar félagslegar aðstæður. Tillagan er því endurflutt óbreytt ásamt greinargerð og fylgiskjölum.

„Fagna ber aukinni umræðu um ofbeldi í samfélaginu, orsakir þess og hvað beri að gera til að sporna við því. Lagaákvæði hafa verið hert og vonir eru bundnar við starfsemi nýrra eða nýlegra stofnana eða embætta, eins og Barnaverndarstofu og umboðsmanns barna. Eftir stendur að engin heildstæð áætlun er til um samræmdar aðgerðir á þessu sviði. Það er því óbreytt skoðun flutningsmanna að brún þörf sé fyrir aðgerðir af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir. Bætt er við einu fylgiskjali, blaðaumfjöllun um tölvuleik, sem veitir innsýn í heim ofbeldisleikja er mætti verða ýmsum umhugsunarefni. Að öðru leyti vísast til upphaflegrar greinargerðar sem fylgir hér á eftir.

Sú tilhneiging foreldra að vernda börn sín og hlífa fyrir ljótleika tilverunnar hefur án efa fylgt mannum frá ómunatíð. Í daglegu lífi er reynt að forðast að láta börn horfa upp á þján-

ingar fólks, þau eru ekki látin vera viðstödd ef aflífa þarf skepnur o.s.frv. Fyrir daga nútíma-fjölmiðlunar voru aðstæður foreldra í þessu sambandi viðráðanlegar í þeim skilningi að hægt var að halda börnum frá tilteknum stöðum eða sjá til þess að þau væru ekki þátttakendur í athöfnum sem ekki voru taldar við hæfi. Nú er öldin önnur. Ofbeldi í einhverju formi er svo hversdagslegt og útbreitt fyrirbæri á svo fjölmörgum sviðum að ógerningur er að einangra nokkurn þjóðfélagsþegn, þar með talin börn, frá snertingu við það.

Um heim allan hafa áhyggjur manna af áhrifum aukins framboðs ofbeldisefnis, einkum í sjónvarpi og kvikmyndum, aukist síðustu ár og áratugi. Nægir að vísa í því sambandi til fjölda kannana sem gerðar hafa verið á áhrifum þess að börn sem fullorðnir horfi á ofbeldismyndir. Allur þessi fjöldi kannana, allt það fé sem lagt hefur verið í rannsóknir á samhengi ofbeldis í samfélaginu og ofbeldis í fjölmiðlum staðfestir þessar áhyggjur. Hér er hvorki ætlunin að fullyrða neitt né fjölyrða um áhrif ofbeldisefnis í fjölmiðlum eða annars staðar þar sem það er að finna. Vandaðar kannanir sýna svo ekki verður um villst að fylgni er t.d. milli ofbeldishegðunar og mikils áhorfs á ofbeldisefni, þótt heimili, félagslegar aðstæður og fleiri þættir skipti vissulega einnig miklu máli. Vísast í því sambandi m.a. til fylgiskjals I með tilögum þessari.

Á síðustu árum hefur framboð ofbeldisefnis aukist gífurlega en einnig hefur orðið breyting á eðli þess og gerð. Til að tíunda aðeins það helsta má nefna tölvuleiki í heimilistölvum og sérstakar leikjatölvur sem tengja má við sjónvarp. Uppistaðan í leikjum í slíkum tækjum er því miður oftast tengd ofbeldi. Sama gildir um sýndarveruleikataeki, leiktæki í spilasölum og leikföng. Ofbeldi í einhverri mynd sem einhvers konar bardagi eða hernaður er langoftast undirstaðan.

Tæknin kemur hér einnig við sögu að því leyti að efnið sem er framleitt er raunverulegt að allri gerð. Tækninni (tölvugerð mynda) sem unnt er að beita til að gera ofbeldisatriðin eðlileg og lifandi ef svo má segja eru orðin lítil takmörk sett.

Síðast en ekki síst er sífellt að verki vítahringur stigmögnunarinnar. Rétt eins og um annað hliðstætt efni virðist það lögmál gilda að hver mynd eða hver tölvuleikur þurfi helst að taka því næsta á undan fram hvað svæsni snertir. Það þarf með öðrum orðum aðeins stærri skammt í hverri umferð, meiri grimmd, afkastameiri drápstól, miskunnarlausari ofurhetjur, meira blóð.

Þótt ekki sé ætlunin að draga hér upp eina allsherjarhryllingsmynd af ástandinu er fróðlegt að taka dæmi af því ofbeldisefni sem venjulegt skólabarn „gæti“ haft aðgang að á einum degi, t.d. grunnskólanemi á 12. ári, í 7. bekk:

„Það er föstudagur 13. september 1996 og Siggi í 7AB Háuhólaskóla kemur heim til sín ásamt Bjössa, einum skólafélaga, um kl. 14.30. Þeir kveikja á sjónvarpinu og á Stöð 2 er verið að sýna kvikmyndina Alive sem er bönnuð innan 16 ára. Næst ákveða þeir að fara í tölvuleiki. Annar tengir leikjatölvu, Super Nintendo, við sjónvarpið og leikur um stund leikinn Mortal Combat, sem byggir á hrottafengnum bardaga. Hinn fer í heimilistölvuna og þar er að finna í safni leikja, sem eldri bróðir Sigga hefur sett inn, m.a. leikina Doom og Quake.

Á eftir fara þeir um stund niður í herbergi Sigga. Þar hanga á veggjum myndir af ofurhetjum og illmennum og meðal leikfanga eru að sjálfsögðu orrustuþotur, skriðdrekar, herskip, eldflaugar, byssur og rifflar, kylfur, sverð o.s.frv.

Nú er klukkan að verða fjögur og móðir Sigga og yngri systkini koma heim. Bjössi á hins vegar að sjá um sig sjálfur fram undir kvöldmat þar sem faðir hans kemur seint heim og móðir hans sem vinnur vaktavinnu er ekki væntanleg fyrr en um miðnætti. Vinirnir fá leyfi til að leigja spólu og horfa á hana heima hjá Bjössa. Þeir fara á myndbandaleigu og fá leigða án teljandi erfiðleika myndina Broken Arrow sem er bönnuð innan 16 ára. Á leiðinni heim koma

þeir við í leiktækjasal þar sem meðal annars er að finna leiki þar sem skotið er úr eftirlíkingum af vélbyssum á skotmörk á tölvuskjá í viðeigandi tækjum. Þarna leika þeir sér um stund óáreittir, þrátt fyrir 14 ára aldurstakmark, fyrir afganginn af vasapeningum vikunnar.

Eftir að hafa horft á myndina og blaðað í hasarmyndablöðum, þar sem menn falla eins og hráviði fyrir kúlum ofurhetjunnar, fer Siggi heim til sín. Á báðum heimilum er horft á kvöldfréttir ríkissjónvarpsins og bæði á undan og eftir fréttunum eru sýndar án nokkurrar viðvörunar auglýsingar um kvikmyndir sem bannaðar eru börnum innan 16 ára. Þrjár myndir (The Quest, Diabolique og White Sguall) eru auglýstar kl. 19.50, rétt fyrir fréttir og tvær myndir (Dead Man Walking og The Quest) kl. 20.35, rétt eftir fréttir.“

Síðan skulum við vona að þeir Siggi og Bjössi hafi átt friðsælt kvöld yfir námsbókunum og að þeir búi við góðar fjölskylduáðstæður, ekki mun af veita.

Það fer tæpast hjá því að fjölmargar spurningar vakni með þeim sem velta þessum málum fyrir sér. Fyrst kemur auðvitað spurningin: Hvað á að gera? Er eitthvað hægt að gera? Jafnvel: Er ástæða til að gera nokkuð?

Það er eindregin skoðun tillögumanna að bregðast verði við. Við getum ekki horft aðgerðalaus upp á sívaxandi ofbeldi gegnsýra allt umhverfi okkar og barnanna okkar. Jafnvel þótt vísindalegar sannanir liggja ekki fyrir í einstökum atriðum um samhengi vaxandi ofbeldis í samfélaginu og aukins framboðs á ofbeldisefni, enda erfitt um vik, réttlætir það ekki að láta skeika að sköpuðu. Margt fleira en beint orsakasamband milli aukins framboðs ofbeldisefnis og ofbeldishegðunar og glæpatíðni kallar líka á að brugðist sé við. Við viljum væntanlega ekki sætta okkur við það að tilvera okkar og umhverfi sé fyllt ljótleika og ofbeldi, slíkir hlutir gegnsýri allt afþreyingarefni og ýti öðru til hliðar.

Við Íslendingar ráðum að sjálfsögðu litlu um heimsmarkaðinn og komum ekki til með að hafa úrslitaáhrif á stefnuna hvað varðar framleiðslu á ofbeldisefni. En við getum sett sjálfum okkur reglur, við getum haldið fram meðvitaðri stefnu um að takmarka ofbeldisefnisflauminn og talað fyrir henni á norrænum vettvangi og alþjóðlega.

Í framkvæmdáætlun um að draga úr framboði ofbeldisefnis er hægt að hugsa sér ýmsar aðgerðir:

1. Setja má strangar reglur um sýningartíma efnis sem bannað er börnum.
2. Banna ætti auglýsingar á efni sem ekki er leyft til sýningar fyrir alla aldurshópa nema seint í kvölddagskrá sjónvarpsstöðva. Einnig á undan efni í kvikmyndahúsum sem leyft er til sýningar fyrir alla.
3. Aðgöngumiðar að kvikmyndum og útleiga á myndböndum sem sýna ofbeldisefni gæti borið viðbótargjald sem síðan mætti verja til fræðslu- og forvarnarstarfs á viðkomandi sviði.
4. Stórefla þarf kvikmyndaskoðun og bæta aðstöðu barnaverndaryfirvalda og löggæslu til eftirlits, sbr. 9. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995.
5. Framfylgja þarf ströngum reglum um að kvikmyndir séu ekki sýndar eða myndbönd leigð út eða afhent öðrum en þeim sem aldur hafa til að horfa á viðkomandi efni.
6. Framfylgja þarf ströngum reglum um aðgang að leiktækjum sem byggjast á ofbeldisefni.
7. Beina þarf fræðslustarfi að foreldrum jafnt sem börnum þar sem hvatt er til þess að virða aldurstakmörk og takmarka áhorf að ofbeldismyndum eða aðgang að öðru ofbeldisefni o.s.frv.

Flutningsmenn telja brýnt að mál þetta komist formlega á dagskrá og til skoðunar hjá yfirlögregluþingnum og menntamála, fjölmiðlunar, félagsmála og heilbrigðismála og annars

staðar þar sem ástæða er til og þá auðvitað ekki sist meðal almennings og fjölskyldna í landinu“.

## Fylgiskjal I.

*Árni Matthíasson.*

### **Til liðs við hið illa.** (Mbl. 23. ágúst 1997.)

Tölvuleikir byggjast yfirleitt á því að vinna góðverk, frelsa bandingja eða sigrast á hinu illa. Árni Matthíasson gekk aftur á móti hinu illa á hönd í byltingarkenndum breskum leik.

Heldur er lítið að gerast á leikjamarkaði; framleiðendur virðast allir fara troðnar slóðir og forðast áhættu. Þannig streyma enn á markað Command & Conquer og Quake eftirhermur með ýmsum afbrigðum. Sem betur fer koma þó öðru hvoru leikir sem skera sig úr og breska fyrirtækið Bullfrog hefur verið iðíð við að smíða slíka leiki, nýlegt dæmi er Theme Hospital, sem gengur út á sjúkrahúsrekstur, og annað glænýtt er leikurinn frábæri Dungeon Keeper.

### **Ljótí karlinn.**

Að sögn hönnuða Dungeon Keeper byrjaði vinnan að leiknum með þeirri ætlan að aðalhlutverkið væri ljótí karlinn sjálfur; hlutverk þess sem leikur er að auka sífellt við dýflissu sína, safna auði og ófreskjum og drepa miskunnarlaust alla þá sem ógna veldi hans, hvort sem það eru aðrir ljótí karlar eða hugprúðar hetjur. Leikurinn hefst með mynd af fögru gróskumiklu landi og rödd sem segir að undir þeim sem leikur sé komið að breyta gósenlandinu í eyðimörk og auðn. Við svo búíð er horfið undir jörðina og hefjast illvirkin.

Byrjað er með litla dýflissu og fáeina þræla, púka sem sjá um að grafa fyrir fleiri herbergjum, helluleggja svo hægt sé að setja þar niður mannvirki, og styrkja veggina svo standast megí árásir góðmenna og annarra illmenna. Eftir því sem púkarnir grafa rekast þeir á gull og gersemar, mismikið, en það þarf peninga til að kaupa fleiri púka, byggja fjárhirslur, húsnæði fyrir fleiri ófreskjur, pyntingartæki og svo mætti lengi telja.

Fyrsta verk er að koma sér upp fjárhirslum og næst á dagskrá að búa til íverustaði fyrir ófreskjur og því glæsilegri sem þær eru því öflugri ófreskjur koma til starfa. Síðan rekur hver byggingin aðra eftir því sem miðar í leiknum og þörf krefur. Fjölmargt þarf að hafa í huga; eiturflugur og köngurlær má ekki hýsa saman, því köngurlærnar leggjast á flugurnar, bjöllur kunna því vel að hafa hæsnabúr nálægt svo þær geti rölt inn og fengið sér í svanginn, galdramenn vilja aðgang að bókasafni og helst ekki deila herbergi með öðrum, ekki má gleyma þjálfunarstað og svo mætti lengi telja. Eftir því sem skepnurnar eru öflugri og ógurlegri og fer betur um þær eykst eðlilega afl yfirdjöfulsins.

### **Leðurklæddir kvendjöflar.**

Dýflissunni þarf að stjórna með harðri hendi og rétt að löðruna þjónana reglulega, sérstaklega ef þeir eru ekki að vinna af krafti. Sumir kunna því reyndar hið besta, til að mynda leðurklæddir kvendjöflar sem emja af gleði og færast allar í aukana. Þó verður að gæta þess að vera ekki of laus höndin og varast að berja til bana aðstoðarfólkið, sérstaklega púkana sem

kosta því meira sem fleiri eru keyptir. Gott er að taka einhverja eina skepnu og pynta í pyntingaherberginu því þá vinna aðrar sama kyns betur á meðan. Yfirdjöfullinn, þ.e. sá sem leikur, verður líka að taka tillit til guða heimsins og fórna reglulega einhverjum starfsmanna sinna.

Ef tekst að handsama einhverja hetjuna er sjálfsagt að koma henni í fangelsi og síðan á pyntingabekkin til að reyna að snúa henni til hins illa. Það tekst ekki alltaf en hafa má gaman af veinum og hrópum þeirra á bekknum. Ef hetjurnar svelta til bana í dýflissunni breytast þær í beinagrindur og ganga til liðs við yfirdjöfulinn, en ef líkin eru dregin í kirkjugarð breytast þær í vampýrur sem eru góður liðsauki.

#### **Að sjá í gegnum ófreskjuaugu.**

Meðal þess fjölmarga sem gerir leikinn einstakan er að sá sem leikur getur brugðið sér í hlutverk einhverrar skepnunnar í dýflissunni og stýrt henni, sem gerir reyndar miklar kröfur til öflugrar tölvu ef vel á að vera. Merkilegt er að sjá í gegnum ófreskjuaugu og eftirminnilegt að horfa í gegnum margþætt fluguauðu sem undirstrikar hve grafík er vel af hendi leyst.

Borðin í leiknum eru að minnsta kosti 25 og að sögn fimm leyniborð og 30 netleiksborð, en láta má tölvuna sjá um að leika fyrir hina ef vill.

Dungeon Keeper er framúrskarandi leikur, flókinn og skemmtilegur og tvímælalaust helsti leikur ársins hingað til. Grafíkin í honum er fyrirtak eins og getið er, hljóðrásin skemmtileg og hann á eftir að endast mánuðum saman.

Dungeon Keeper gerir kröfur um 60 Mhz Pentium tölvu hið minnsta, með 8 MB innra minni, fjögurra hraða geisladrifi, 80 MB laus á hörðum disk, hljóðkort og Windows 95 eða MS-DOS.

Fylgiskjal II.

Hilmar Thor Bjarnason:

Úr skýrslu umboðsmanns barna um ofbeldi í sjónvarpi.  
(Október 1996.)

Kenningar um ofbeldi

Hreinsunarkenningin (catharsis theory).

Í meginatriðum gengur kenningin út á það að fólk fái útrás fyrir ofbeldishneigðir sínar með því að horfa á ofbeldi í sjónvarpi. Með þessum hætti hreinsar fólk tilfinningar sínar. Hreinsunarkenningin gerir ráð fyrir að venjulegt fólk safni upp gremju og spennu í sínu daglega lífi sem að lokum leiðir til árásarhneigðar af einhverju tagi. Það má því skilja kenninguna á þann hátt að ofbeldisefni í sjónvarpi dragi úr ofbeldishneigð fólks og þar með úr ofbeldi í samfélaginu.

Þessi kenning á sér afar fáa málssvara í dag. Það má helst finna þá innan veggja sjónvarpsstöðvanna, því samkvæmt hreinsunarkenningunni myndi ofbeldi í samfélaginu fara vaxandi ef dregið yrði úr framboði á slíku efni.

Örvunarkenningin (stimulating effects theory).

Örvunarkenningin byggir í meginatriðum á “áreiti-viðbragð” hugmyndinni (stimulus-response). Samkvæmt kenningunni eykur áhorf á ofbeldisefni í sjónvarpi bæði líkamlegan og tilfinningalegan æsing sem aftur á móti eykur möguleika á því að viðkomandi hegði sér með ofbeldisfullum hætti. M.ö.o. ef barn horfir á bardaga í sjónvarpi og æsist tilfinningalega við það, aukast líkurnar á því að barnið beiti síðan annan ofbeldi. Á hinn bóginn skal á það bent að ofbeldiskennt sjónvarpsefni vekur ekki alltaf upp ofbeldisfulla hegðun hjá öllum þeim sem horfa á slíkt efni. Tilfinninga- og hugarástand viðkomandi hefur þar mikið að segja. Einnig skiptir máli í hvaða samhengi ofbeldið er sýnt. Ef ofbeldisverknaðurinn er til dæmis réttlættur með einhverjum hætti, aukast líkurnar á ofbeldisfullri hegðun. Annar þáttur sem getur skipt sköpum er hvort viðkomandi sjónvarpsáhorfandi getur samsamað sig þeim aðstæðum sem ofbeldið birtist í. Ef sjónvarpsáhorfandinn ber til dæmis sama nafn og ódæðismaðurinn í sjónvarpinu, aukast líkurnar á ofbeldisfullum viðbrögðum. Ef ofbeldið er sýnt í neikvæðu ljósi, minnka líkurnar á ofbeldisfullum viðbrögðum.

Lærdómskenningin (observational learning theory).

Lærdómskenningin gengur út á það að fólk geti hreinlega lært að beita ofbeldi með því að fylgjast með því ofbeldi sem er á boðstólum, til dæmis í sjónvarpinu, og hagi gjörðum sínum eftir gjörðum þeirra sem beita ofbeldi á skjánum. Kenning þessi er að nokkru leyti afdráttarlaus um samband ofbeldisefnis í sjónvarpi og ofbeldis í

samfélaginu. Þetta samband er þó háð vissum skilyrðum. Hinu lærða ofbeldi er varla beitt nema við ákveðin skilyrði. Til dæmis er líklegt að ofbeldi sé beitt þegar kringumstæðurnar eru áþekkar þeim í sjónvarpinu. Í því augnamiði að draga úr áhrifum ofbeldis í sjónvarpinu verður framsetning eða birtingarform þess að breytast. Það verður að koma sjónvarpsnotendum í skilning um það að þó að þeir verði vitni að ofbeldi og þar með "læri" hvernig á að beita því, megi þeir ekki grípa til ofbeldis. Það má m.a. gera með því að sjá til þess að þeim sem beita ofbeldi í sjónvarpi sé ekki umbunað.

Áhrif þessarar kenningar eru afar einstaklingsbundin, því aðrir félagslegir og sálfræðilegir þættir leika hér stórt hlutverk. Það er til dæmis mismunandi hvernig fólk túlkar þann veruleika sem birtist á sjónvarpsskjánum. Sumir einstaklingar gera til dæmis skýran greinarmun á honum og raunveruleikanum, aðrir ekki. Þættir eins og kyn koma einnig við sögu. Þó að stúlkur læri eins mikið um ofbeldi og drengir í sjónvarpi, eru þær ekki eins líklegar til að grípa til ofbeldis.

### Eflunarkenningin (reinforcement theory).

Þessi kenning gerir ráð fyrir að ofbeldisefni í sjónvarpi efli eða styðji þá ofbeldishneigð sem einstaklingar hafa fyrir. Samkvæmt eflunarkenningunni eru það þættir eins og samfélagsleg norm og gildi, félagsleg staða, persónuleiki, áhrif fjölskyldu og jafningjahóps sem og aðrir utanaðkomandi sem eru stærstu áhrifavaldar varðandi ofbeldishegðun einstaklinga. Ofbeldisefni í fjölmiðlum styrkir aðeins viðhorf þeirra sem eru ofbeldishneigðir fyrir og einnig hjá þeim sem eru andvígir beitingu ofbeldis. Undantekningin frá þessari reglu eru þeir einstaklingar sem skortir persónulegan og félagslegan stöðugleika. Hér er einkum um að ræða börn og unglunga sem skortir sterk og stöðug tengsl við vini sína og vandamenn og einnig fólk sem ekki hefur nægilega skýr viðmið varðandi ofbeldi. Áhrif ofbeldisefnis í fjölmiðlum samkvæmt eflunarkenningunni eru einstaklingsbundin, þó vega samfélagslegir þættir þyngra. Eflunarkenningin reynir því að útskýra hvernig fólk með mismunandi persónuleikaeinkenni getur verið styrkt af sama ofbeldisefni. Kenningin leiðir rök að því að ofbeldisefni leiði einungis til beitingar ofbeldis þegar þessi samfélagslegu tengsl eru rofin eða óstöðug.

### Ræktunarkenningin (cultivation theory).

Megininntak þessarar kenningar er að sú heimsmynd sem birtist okkur í fjölmiðlum, sérstaklega sjónvarpi, móti hina raunverulegu heimsmynd okkar. Ræktunarkenningin gengur út frá því að heimsmynd sú sem birtist á sjónvarpsskjánum sé brengluð. Hinn táknræni heimur sjónvarpsins er heimur sem er tiltölulega vondur og grimmur og beiting ofbeldis er algengt fyrirbæri. Tilgangur ofbeldis í sjónvarpi er fyrst og fremst að skilgreina völd í samfélaginu. Þessi heimsmynd síast smám saman inn í huga fólks þannig að það lítur á veröld sjónvarps sem hina raunverulegu veröld. Hafa ber þó í huga að slík áhrif koma frekar fram hjá þeim sem horfa mikið á sjónvarp en hinum sem horfa minna. Gagnstætt við áðurgreindar kenningar einblínir ræktunarkenningin ekki á

áhrif ofbeldis ein og sér, heldur beinir hún sjónum sínum að þáttum eins og tilfinningum, ótta og kviða þess fólks sem telur hina táknrænu og ofbeildishneigðu veröld spegilmynd af raunveruleikanum. Tilfinningar eins og hræðsla og kviði aukast þegar fólk tileinkar sér þessa veröld sjónvarpsins. Áhangendur ræktunarkenningarinnar vilja því minnka framboð ofbeldisefnis í sjónvarpi, sérstaklega í afþreyingarefni.

## Áhrif ofbeldisefnis í sjónvarpi

Þetta er án efa það svið innan fjölmiðlafræðinnar sem hefur vakið hvað mesta athygli. Ástæðurnar eru einkum tvær. Annarsvegar hefur spurningin um áhrif ofbeldisefnis í fjölmiðlum vakið snarpar deilur, hvort sem litið er til stjórnmálamanna, fulltrúa hagsmunasamtaka eða almennings. Hinsvegar er þetta það svið innan fjölmiðlafræðinnar sem hefur tekist að laða til sín umtalsverðar fjárhæðir í því augnamiði að svara þessari spurningu.

Þegar verið er að velta fyrir sér tengslum ofbeldisefnis í fjölmiðlum og ofbeldis í samfélaginu, er nauðsynlegt að hafa í huga að þessi umræða er mjög svo undir bandarískum áhrifum. Þegar á heildina er litið, hafa um 80% rannsókna á þessu sviði verið gerðar í Bandaríkjunum. Lönd eins og Bretlandi, Kanada og Ástralía reka síðan lestina. Það er afar mikilvægt að hafa þetta í huga, einkum og sér í lagi þegar verið er að yfirfæra rannsóknaniðurstöður eins lands eða samfélags yfir á annað. Því fylgir oft vandamál. Hafi tekist að sýna fram á að um tengsl milli ofbeldisefnis í fjölmiðlum og ofbeldis í samfélaginu í einu tilteknu landi sé að ræða, þá er ekki þar með sagt að slíkt gildi um önnur lönd eða samfélög.

Hér á eftir verður reynt að athuga hvað samfélag fræðimanna hefur sagt um þessa tilteknu spurningu og þau svör sem hafa komið fram. Þrjár þekktar og umfangsmiklar rannsóknir verða litillega skoðaðar. Síðan verður reynt að draga saman það helsta sem er vitað í dag um áhrif ofbeldisefnis í sjónvarpi á börn og ungmenni.

### *Rannsókn Schramm, Lyle og Parker: Television in the Lives of Our Children.*

Þegar sjónvarpið varð að almenningsseign upp úr miðjum 6. áratugnum í Bandaríkjunum,<sup>1</sup> voru uppi margvíslegar vangaveltur um hugsanleg áhrif sjónvarps á börn og ungmenni. Þessar vangaveltur voru af ýmsu toga. Fólk hafði áhyggjur af því hversu miklum tíma börn og unglíngar vörðu fyrir framan sjónvarpstækið, fólk hafði

<sup>1</sup> Árið 1949 hafði um tíunda hvert bandarískt heimili sjónvarpstæki. 1950 var hlutfallið komið upp í tæp 25%. Fimm árum síðar eða 1955 hafði um 78% heimila í Bandaríkjunum sjónvarpstæki. Árið 1960 voru 105 sjónvarpstæki á hverjum 100 heimilum.



áhyggjur af áhrifum sjónvarps á frammistöðu barna í skóla og einnig voru menn uggandi yfir áhrifum ofbeldisefnis í sjónvarpi á ungu kynslóðina.

Undir lok 6. áratugarins var fyrsta meiriháttar rannsóknin sem gerð hafði verið á áhrifum sjónvarps á ungmenni framkvæmd. Hún var gerð af þeim Wilbur Schramm, Jack Lyle og Edwin Parker við Stanford-háskólann. Rannsókn þeirra féлага var samansafn 11 athugana eða rannsókna sem gerðar voru í 10 borgum og bæjum í Bandaríkjunum og Kanada á árunum 1958-60.<sup>2</sup>

Tilgangur rannsóknarinnar var fyrst og fremst að kanna samspil sjónvarps annarsvegar og barna hinsvegar, þ.e.a.s. hvaða hlutverki sjónvarpið gegndi í lífi bandarískra og kanadískra barna frá mjög víðu sjónarhorni. Hún var ekki endilega athugun á áhrifum ofbeldisefnis í sjónvarpi á börn, en hinsvegar skal á það bent að Schramm og samstarfsmenn hans könnuðu lítilsháttar þessa tilteknu spurningu.

Til þess að gera langt mál stutt, má segja að helstu niðurstöður Schramm og féлага ollu þeim er vildu fá staðfestingu á því að sjónvarpið hefði skaðleg áhrif á börn nokkrum vonbrigðum. Þeir komust ekki að neinni endanlegri niðurstöðu um áhrif sjónvarpsafbeldis, heldur töldu þeir að:

*Sumt sjónvarpsefni getur verið skaðlegt sumum börnum undir sumum kringumstæðum. Fyrir önnur börn við sömu kringumstæður, eða fyrir sömu börnin undir öðrum kringumstæðum getur sjónvarpsefnið verið gott og gagnlegt. Fyrir flest börn, við flestar kringumstæður, er flest sjónvarpsefni sennilega hvorki skaðvænlegt né sérstaklega gott og gagnlegt.<sup>3</sup>*

Það sem er merkilegast við þessa rannsókn er hvernig þremmingarnir sýndu fram á hversu mikilvægu hlutverki heimilið og heimilisaðstæður gegndu í lífi barna og ungmenna. Samkvæmt niðurstöðum þeirra Schramm og féлага er heimilið ein meginuppspretta félagslegra og siðferðilegra gilda í þjóðfélaginu. Ef fjölskyldan og þar með foreldrarnir eru samstíga í að veita börnunum öruggt og ástúðlegt umhverfi til að alast upp í og ef börnin taka virkan þátt í "heilbrigðum" og jákvæðum athöfnum sem ekki fela í sér setu fyrir framan sjónvarpstæki, eru líkurnar á að börnin verði fyrir skaðlegum áhrifum af völdum sjónvarps afar litlar.

### *Ofbeldi og sjónvarp á sjöunda áratugnum - Eisenhower-nefndin.*

Það er alkunna að sjöundi áratugurinn var mikið umrótatímabil bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Þjóðfélögin beggja vegna Atlantsála einkenndust af mikilli ólgu. Kynþáttaóeirðirnar í Bandaríkjunum, stúdentauppreisnirnar í Bandaríkjunum og í Evrópu, mótmæli gegn Víetnamstríðinu, og morðin á John F. Kennedy og bróður hans Robert svo og á mannréttindafrömuðinum Martin Luther King eru aðeins fáein en vel

<sup>2</sup> Rannsóknarniðurstöðurnar er að finna í Schramm, W. et. al. (1961) *Television in the Lives of Our Children*. Palo Alto: Stanford University Press.

<sup>3</sup> Sama rit, bls. 13.

þekkt dæmi um þann óróleika er einkenndi samfélög Vesturlanda á þessum árum. Það var skoðun manna að ofbeldi virtist fara vaxandi og sjónvarpið var iðið við að færa mönnum þessa atburði beint heim í stofu.

Á þessum árum ríkti mikil samkeppni milli hinna þriggja stóru sjónvarpsstöðva í Bandaríkjunum.<sup>4</sup> Baráttan um áhorfendur og þar með auglýsingatekjur var hörð og óvægin. Hjá sjónvarpsstöðvunum þremur var lögð æ meiri áhersla á að hafa á boðstólum ofbeldismyndir með “raunverulegri” blæ en áður hafði tíðkast, fyrst og fremst í þeim tilgangi að laða áhorfendur að sjónvarpsskjánum. Samhliða þessu andaði köldu milli sjónvarpsstöðvanna og stjórnmálamanna. Stjórnmálamenn höfðu talsverðar áhyggjur af vaxandi ofbeldi í samfélaginu og um leið hugsanlegum afleiðingum ofbeldisefnis í sjónvarpi og vildu ólmir koma á lagasetningu þess efnis að þregja svigrúm sjónvarpsstöðvanna til að sýna slíkt efni. Sjónvarpsstöðvarnar, á hinn bóginn, vörðust ágangi stjórnmálamanna og sýndu m.a. fram á með fræðilegum rannsóknum að ekkert orsakasamband væri á milli ofbeldisefnis í sjónvarpi og ofbeldis í samfélaginu.

Það má segja að stjórnvöld þar vestra hafi skorið upp herör gegn ofbeldi í samfélaginu. Talsvert af opinberu fjármagni var veitt til háskóla og rannsóknastofnana tengdum þeim til að kanna og rannsaka orsakir ofbeldis. Margvislegum fræðilegum rannsóknum var hleypt af stokkunum. Árið 1968 skipaði þáverandi forseti Bandaríkjanna Lyndon B. Johnson nefnd – hina svokölluðu Eisenhower-nefnd – til að grannskoða nánar orsakir ofbeldis í samfélaginu.<sup>5</sup> Eisenhower-nefndin greindist síðan í alls 12 undirnefndir eða rannsóknarhópa sem allir höfðu sitt tiltekna málsvið til athugunar. Einn slíkur hópur hafði að meginmarkmiði sínu að kanna áhrif ofbeldisefnis í fjölmiðlum.<sup>6</sup> Það sem var nýstárlegt við þessa rannsókn var að öðruvísi spurninga var spurt í sambandi við áhrif ofbeldisefnis í sjónvarpi en áður hafði verið gert. Til dæmis var reynt að setja sjónvarpsofbeldið í ákveðið félagslegt og siðferðilegt samhengi. Það sem leitast var við að skoða var m.a.:

- Hvernig voru kringumstæðurnar þegar ofbeldisverknaðurinn var framin?
- Hvaða þjóðfélagshópar beittu ofbeldi í sjónvarpi?
- Hverjir voru förnarlömb ofbeldis í sjónvarpi?
- Var réttlæt看legt að beita ofbeldi eða ekki?
- Var ofbeldismanninum á einhvern hátt refsað fyrir athæfi sitt?

Það var tvennt sem undirnefndin gerði sem var athyglisvert. Annarsvegar innihaldsgreindi hún bandarískt sjónvarp á kjörtíma (prime time) til að kanna umfang

<sup>4</sup> Sjónvarpsstöðvarnar þrjár eru ABC, CBS og NBC.

<sup>5</sup> Nefndin hét fullu nafni, *The National Commission on the Causes and Prevention of Violence*, en var í daglegu tali kölluð Eisenhower-nefndin, í höfuðið á formanni nefndarinnar, Milton Eisenhower.

<sup>6</sup> Niðurstöður þessarar undirnefndar eru að finna í Baker, R og Ball, S. (1969) *Violence in the Media*. Washington D.C.: Government Printing Office.

og framboð ofbeldisefnis.<sup>7</sup> Hinsvegar lét undirnefndin gera könnun, þar sem viðhorf manna til ofbeldis var skoðað. Það var m.ö.o. reynt að skoða hvaða áhrif sjónvarpsafbeldi hefði á heimssýn manna gagnvart ofbeldi. Til þess að skoða þetta tvennt, fékk nefndin til liðs við sig frægan fjölmiðlafræðing, George Gerbner að nafni, prófessor við Annenberg-háskólann í Bandaríkjunum.

Gerbner komst að þeirri niðurstöðu að um 80% allra þátta hjá ABC, CBS og NBC sjónvarpsstöðvunum í Bandaríkjunum innihéldi a.m.k. eitt eða fleiri ofbeldisatriði.<sup>8</sup> Einhver munur var á milli stöðvanna í þessu tilliti en hann var þegar á heildina var litið tiltölulega litill. Eins og gefur að skilja var mesta ofbeldið að finna í glæpamyndum ýmis konar (hlutfallið var 96,6) en næst á eftir komu teiknimyndir fyrir börn. Um 93,5% allra teiknimynda höfðu að geyma eitt eða fleiri ofbeldisatriði. Gamanmyndir voru sá málaflokkur sem hafði hvað færast ofbeldissenur eða 66,3%.

Þegar veröld sjónvarpsafbeldis er skoðuð kemur margt athyglisvert í ljós. Helstu niðurstöðurnar úr innihaldsgreiningu Gerbners voru þessar:

1. Ungir ókvæntir karlar og miðaldra karlmenn eru líklegri að beita ofbeldi en aðrir.
2. Hvítir menn svo og innfæddir bandaríkjamenn eru ekki eins ofbeldishneigðir og svertingjar og útlendingar.
3. Ókunnugir eru líklegri en vinir og vandamenn til að beita ofbeldi.
4. Miðaldra karlmenn svo og svertingjar eru líklegri en aðrir til að láta lífið fyrir tilstilli ofbeldis.
5. Lögreglumenn eru upp til hópa jafn líklegir til að grípa til ofbeldis og þeir sem standa hinum megin laga og reglna.
6. Þrátt fyrir að fortíðin og nútíðin í sjónvarpsþáttum einkennist af ofbeldi, einkennist framtíðin af enn meira ofbeldi.
7. Þrátt fyrir að hægt sé að láta lífið fyrir tilstilli ofbeldis, virðast slagsmál ekki valda mönnum teljandi sársauka eða óþægindum.
8. Þeir sem verða vitni að beitingu ofbeldis grípa sjaldnast í taumana.
9. Þeir sem beita aðra ofbeldi virðast ekki hafa áhyggjur af hugsanlegri refsingu.
10. Hínir svokölluðu “góðu gæjar” beita iðulega ofbeldi ef tilgangurinn helgar meðalið. “Góðu gæjarnir” eru jafn mikilir ofbeldisseggir og “vöndu gæjarnir.”

Þessar niðurstöður eru áhugaverðar, sérstaklega þegar þær eru bornar saman við raunveruleikann. Það ofbeldi sem á sér stað í sjónvarpinu er verulega á skjön við það sem raunverulega gerist. Í sjónvarpsheiminum, svo dæmi sé tekið, er mun meira um ofbeldi en í veruleikanum. Í hinni síðarnefndu veröld, samkvæmt opinberum gögnum og skýrslum, á ofbeldi sér stað í æ ríkara mæli milli vina og vandamanna og innan veggja heimilisins, en ekki milli ókunnugra.

<sup>7</sup> Hér var “kjörtími” skilgreindur sem kl. 16:00 til 22:00 á virkum dögum og 8:00 til 11:00 á laugardögum. Tímabilið sem rannsóknin náði til var 1. - 7. október 1967 og 1. - 7. október 1968.

<sup>8</sup> Ofbeldissena eða ofbeldisatriði var skilgreint sem athöfn þar sem líkamlegu ofbeldi er beitt í þeim tilgangi að valda öðrum skaða eða drepa.

Nefndin lét ekki nægja að kanna með hvaða hætti ofbeldi birtist á sjónvarpsskjánum, heldur lét hún einnig kanna hvaða áhrif sú “heimssýn” ofbeldis í sjónvarpi hefði á viðhorf almennings eða sjónvarpsáhorfenda til raunverulegs ofbeldis í samfélaginu. Ef litið er til *skammtíma áhrifa* sjónvarpsafbeldis kom tvennt í ljós. Annarsvegar, læra áhorfendur hvernig á að beita ofbeldi með því að horfa á ofbeldi í sjónvarpi. Hinsvegar, aukast líkurnar á því að einstaklingur beiti ofbeldi, ef þeim sem beittir ofbeldi í sjónvarpi er umbunað fyrir ódæðisverkið. Einnig var reynt að rýna í hugsanleg *langtíma áhrif* sjónvarpsafbeldis. Þar kom fram að (1) þeir einstaklingar sem neyttu ofbeldis í sjónvarpi í ríki mæli væru líklegri en aðrir til að telja að ofbeldi væri “eðlilegur” hlutur í tilveru fólks; (2) fólk verður smám saman ónæmara gagnvart raunverulegu ofbeldi; og (3) ofbeldi verður talin eðlileg leið til að útkljá deilumál milli manna í stað þess að grípa til skynsamlegrar rökræðu til lausnar ágreiningsmála.

### ***Rannsókn bandaríska landlæknisembættisins.***

Árið 1969 fól Nixon Bandaríkjaforseti landlæknisembættinu þar í landi að gera sérstaka úttekt á áhrifum ofbeldisefnis í sjónvarpi, einkum og sér í lagi, á börn. Hér með var það viðurkennt af hálfu stjórnvalda að um væri að ræða alvarlegt vandamál er beinlínis varðaði heilsu manna. Landlæknirinn hafði samband við fjölmarga hagsmunaaðila er gætu tengst málinu og bað um tilnefningar í 12 manna nefnd sem myndi sjá um framkvæmd rannsóknarinnar.<sup>9</sup> Þremur árum síðar, eða 1972, skilaði nefndin mjög umfangsmikilli skýrslu í fimm bindum sem var samansafn alls 60 rannsókna á áhrifum sjónvarpsafbeldis.<sup>10</sup>

Það er hægt að draga saman meginniðurstöður nefndarinnar í stuttu máli:

1. Bandarískt sjónvarp er gegnsýrt af ofbeldismyndum.
2. Börn sem og fullorðnir verja æ meiri tíma í áhorf á slíkar myndir.
3. Margt virðist benda til þess að áhorf á ofbeldismyndir auki líkurnar á því að börn hegði sér á ofbeldiskenndan hátt.

Í raun og veru boðaði skýrsla þessi engin ný tíðindi né sannindi. Hún staðfesti, fyrst og fremst, það sem vitað var áður um samband ofbeldisefnis í sjónvarpi og ofbeldis í samfélaginu. Niðurstöður skýrslunnar voru mjög varfærnislega orðaðar. Lögð var áhersla á að fylgni væri á milli ofbeldis í sjónvarpi og ofbeldis í samfélaginu, og með því að horfa á slíkt efni í sjónvarpi gætu líkurnar á því að einstaklingur beitti síðar meir

<sup>9</sup> Landlæknisembættið hafði samband við hagsmunasamtök og stofnanir á borð við American Psychological Association, American Psychiatric Association, American Sociological Association, National Association of Broadcasters, og sjónvarpsstöðvarnar ABC, CBS og NBC.

<sup>10</sup> Surgeon General's Scientific Advisory Committee on Television and Social Behaviour (1972) *Television and Growing Up: The Impact of Television Violence*. Washington D.C.: U.S. Department of Health, Education, and Welfare.

ofbeldi aukist. Hinsvegar var skýrt tekið fram að ekki væri hægt að fullyrða að um orsakasamband væri að ræða milli þessara tveggja þátta.<sup>11</sup> Fylgnisamband milli tveggja þátta merkir ekki nauðsynlega orsakasamband.

### Hvað vitum við um áhrif sjónvarpsobeldis?

Síðan þessar ofangreindu rannsóknir voru gerðar hafa liðið mörg ár og mikið vatn runnið til sjávar. Þúsundum rannsókna hefur verið hleypt af stokkunum. Þekking vísindamanna á áhrifum ofbeldisefnis í sjónvarpi hefur stórukist. Það er margt sem við vitum ekki og margt sem enn er órannsakað. Á hinn bóginn, er ekki hægt að horfa framhjá því að það er heilmargt sem við vitum með nokkurri vissu eftir fjóra áratugi af þrotlausri rannsóknarvinnu.

Það má skipta áhrifum ofbeldisefnis í sjónvarpi á fólk í þrjá megin flokka.

Í fyrsta lagi, eru það beinu áhrifin. Rannsóknir hinna liðnu ára hafa leitt í ljós að ofbeldisefni í sjónvarpi getur leitt til beitingar ofbeldis hjá fólki. Ekki einvörðungu hjá börnum og ungmennum, heldur einnig hjá fullorðnum. Hér er mikilvægt að hafa í huga að áhrif geta verið með ýmsu móti. Þau eru algerlega háð ytri kringumstæðum, s.s. af félagslegum, sálfræðilegum eða menningarlegum toga.

Í öðru lagi, eru það ónæmisáhrifin. Sú hætta er verulega fyrir hendi að börn og ungmenni sem horfa á ofbeldisefni í sjónvarpi í talsverðu magni verði smátt og smátt ónæm gagnvart ofbeldi – í sjónvarpinu eða í raunveruleikanum. Þau verða minna snortin þegar þau sjá einhvern verða fyrir barðinu á ofbeldi, og þau eru líklegri til að lita á ofbeldi sem “eðlilegan” hluta tilverunnar.

Í þriðja lagi, er það fyrirbæri sem hefur almennt verið kallað “hin vonda veröld.”<sup>12</sup> Hér er átt við nokkurskonar heimssýn sem skapast hjá börnum og ungmennum fyrir tilstilli mikils sjónvarpsáhorfs. Frá sjónarhóli barnanna, er veruleikinn bæði grimmur og hættulegur. M.ö.o. er sú veröld sem birtist í sjónvarpinu yfirfærð af

<sup>11</sup> Ástæðan fyrir þessu varfæmislega orðalagi stafar af því hvernig nefndin sem sá um framkvæmd rannsóknarinnar var skipuð. Sjónvarpsstöðvarnar höfðu neitunarvald um skipan einstakra manna í nefndinni. Þannig útlökuðu þær þá fræðimenn á sviði fjölmiðlarannsókna sem þær töldu að væru “óvinveittir” sér frá allri þátttöku í rannsókninni. Af 12 nefndarmönnum voru 5 beinlínis á mála hjá sjónvarpsstöðvunum.

<sup>12</sup> Þetta er þýðing á hugtakinu “mean world syndrome.”

sjónvarpsáhorfendum á veruleikann, þannig að áhorfendur trúa því að tilveran sé óttalegi en hún raunverulega er.

Ennfremur hafa rannsóknir leitt í ljós aðrar hugsanlegar afleiðingar sjónvarpsöfubeldis á börn:

- Áhorf á sjónvarpsöfubeldi getur leitt til þess að barnið verði almennt hrætt við annað fólk og tilveruna í heild.
- Börn sem neyta öfubeldisefnis í sjónvarpi í ríkum mæli eru líklegri en önnur börn til að beita öfubeldi eða koma fram við fólk á ógnandi hátt.
- Börn sem neyta öfubeldisefnis í sjónvarpi í ríkum mæli eru líklegri en önnur börn til að líta á öfubeldi sem eðlilega leið til að leysa deilumál sem upp koma í mannlegum samskiptum.
- Börn sem neyta öfubeldisefnis í sjónvarpi í ríkum mæli eru líklegri en önnur börn til að herma eftir því öfubeldi sem þau sjá í sjónvarpinu.
- Börn sem neyta öfubeldisefnis í sjónvarpi í ríkum mæli eru líklegri en önnur börn til að samsama sig við þær persónur í sjónvarpinu sem beita öfubeldi eða sem jafnvel verða fyrir barðinu á öfubeldi.

Almennt séð, eru börn duglegir og dyggir sjónvarpsáhorfendur. Sum börn byrja að veita sjónvarpinu athygli við mjög ungan aldur – jafnvel 6 mánaða gömul börn. Við tveggja og þriggja ára aldur eru þau upp til hópa reglulegir áhorfendur. Hér er mikilvægt að hafa í huga að vafasamt getur verið að ræða um börn sem einn heilsteyptan hóp. Börn eru afar fjölbreyttur og margbreytilegur þjóðfélagshópur. Sú spurning vaknar, hvaða börn geta orðið fyrir mestum áhrifum af öfubeldisefni í sjónvarpi? Í stuttu máli, hafa rannsóknir m.a. leitt eftirfarandi í ljós:

- Börn á aldrinum 8 til 12 ára (einkum þau yngri) verða fyrir mestum áhrifum.
- Börn sem sýna tilhneigingu til að drottna eða ráða yfir öðru fólk.
- Strákar verða fyrir meiri áhrifum en stelpur þegar um er að ræða samsömun við persónu sem beitir öfubeldi í sjónvarpinu.
- Eftir því sem efnahagur foreldra er minni, því meiri verða áhrifin. Þetta er þó algengara í fari drengja en stúlkna.

### ***Hverskonar öfubeldisefni í sjónvarpi getur leitt til beitingar öfubeldis?***

- Þegar öfubeldismanninum í sjónvarpi er annaðhvort umbunað eða ekki refsað fyrir öfubeldisverknaðinn.
- Ef öfubeldisverknaðurinn er réttlættur á einhvern hátt.
- Þegar um samsvörun er að ræða milli þeirra kringumstæðna er leiddu til öfubeldisverknaðarins í sjónvarpinu og veruleika barnsins.
- Þegar sá sem beitir öfubeldi og barnið sem heima situr eiga sér sameiginleg persónuleg einkenni.

- Þegar sá sem horfir á ofbeldi reynir að samsama sig persónunni í sjónvarpinu.
- Ofbeldi í sjónvarpi sem hefur litlar sem engar augljósar afleiðingar í för með sér, þ.e.a.s. enginn deyr, enginn meiðist eða enginn verður fyrir líkamstjóni.
- Ofbeldi í sjónvarpi sem virðist raunverulegt.
- Ofbeldisverknaður í sjónvarpi sem fer fram gagnrýnislaust.
- Ofbeldi í sjónvarpi sem hefur þann megintilgang að skemmta áhorfandanum.
- Ofbeldi í sjónvarpi sem hvorttveggja felur í sér líkamlegt tjón og tjón af sálrænum toga.
- Ofbeldi í sjónvarpi sem skilur áhorfandann eftir í æstu ástandi.
- Þegar áhorfandinn er í þannig hugarástandi að hann er líklegur til að beita ofbeldi.
- Þættir í sjónvarpi þar sem ofbeldi er sýnt, án þess að ofbeldisverknaðurinn þjóni neinum augljósum tilgangi í söguþræðinum.

### Foreldrar – ábyrgð þeirra og hlutverk

Af framansögðu er ljóst að ábyrgð foreldra er mikil. Það er á heimilunum þar sem fyrstu skref barnsins eru stigin. Það er heimilið sem er sá vettvangur þar sem ástúð, umhyggja, öryggi, velferð, og siðferðisgildi eru veitt og miðlað til komandi kynslóða. Sjónvarpsneysla fer fram innan veggja heimilisins og það er fyrst og fremst þar sem hægt er að hafa áhrif á sjónvarpsnotkun barna.

Hinsvegar vaknar sú spurning; hvað geta foreldrar gert? Hvernig er hægt að koma í veg fyrir að börn verði fyrir miður æskilegum áhrifum af neyslu ofbeldisefnis í sjónvarpi? Er hægt að útiloka slík áhrif með öllu? Vitaskuld er sá möguleiki fyrir hendi að hafa sjónvarp ekki á heimilinu, en hann er óraunhæfur með öllu. Sjónvarpstæknin er til staðar og hún mun ávallt verða fyrirferðamikill og jafnframt vaxandi hluti af lífi okkar í nútímasamfélagi. Vandinn er aðallega sá, hvernig eigum við að umgangast þennan fjölmiðil af skynsemi? Hvernig er hægt að beina sjónvarpsnotkun barna inn á æskilegar brautir?

Það sem foreldrar geta tekið til bragðs er m.a. eftirfarandi:

- Foreldrar eiga að fylgjast náið með sjónvarpsnotkun barna sinna. T.a.m. eiga foreldrar að gefa sér tíma til að horfa a.m.k. á einn sjónvarpsþátt sem börnin hafa gaman af. Með þessu móti geta foreldrarnir öðlast innsýn í hugarheim barnanna og þar með átt hlutdeild í "sjónvarpsveruleika" þeirra.

- Þegar börnin og foreldarnir horfa saman á sjónvarpsþátt sem hefur að geyma ofbeldisatriði, eiga foreldrnir að ræða við börnin um atriðið, m.a. út frá því sjónarmiði hversvegna viðkomandi kaus að beita ofbeldi. Foreldrar eiga að benda á hversvegna ofbeldi má aldrei vera lausn á deilum manna á milli. Foreldrar eiga einnig að benda börnunum á aðra möguleika sem viðkomandi persóna í sjónvarpinu gæti gripið til í þeim tilgangi að leysa deilumál sín.
- Þegar persóna í sjónvarpinu verður fyrir barðinu á ofbeldi eiga foreldrnir að benda börnunum á að um “leik” hafi verið að ræða. Fórnlambið er ekki raunverulega meitt, heldur eru þetta leikarar sem eru að sviðsetja ofbeldisatriði. Jafnframt eiga foreldrar að benda börnunum á að ef slíkur atburður gerðist í veruleikanum, myndi fórnarlambið vera alvarlega slasað og gæti jafnvel látið lífið.
- Þegar atriði birtast á sjónvarpsskjánum sem geta vakið óhug barna eiga foreldrnir hiklaust að slökkva á sjónvarpinu eða skipta um rás. Foreldrar geta hreinlega bannað börnum sínum að horfa á tiltekinn sjónvarpsþátt. Samhliða þessu eiga foreldrnir að útskýra fyrir börnunum hversvegna þeir hafa tekið þessa ákvörðun. Einnig eiga foreldrar að reyna að beina sjónvarpsnotkun barna sinna inn á tilteknar brautir, þ.e.a.s. hvetja þau til að horfa á þætti sem falla betur að þroskaferli þeirra, s.s. heimildamyndir, myndir sem hafa visst uppeldisgildi, myndir sem leggja áherslu á jákvæð samskipti, hjálpssemi, góðmennsku, o.s.frv.
- Foreldrar eiga óhikað að hafa samband við aðra foreldra og bera saman bækur sínar og samhæfa aðgerðir varðandi sjónvarpsnotkun barnanna. Skólinn væri kjörinn vettvangur þar sem slíkir samráðsfundir gætu farið fram. Jafnframt er umhugsunarvert hvort skólinn ætti ekki að hafa visst frumkvæði í þessu sambandi.
- Foreldrar eiga að skammta börnunum aðgang að sjónvarpinu. Samhliða þessu eiga foreldrar að hvetja börnin að vera virkir þátttakendur í allskonar heilbrigðum athöfnum sem fram fara utan veggja heimilisins, s.s. í íþróttum, leikjum með vinum, o.s.frv.
- Mikið hefur verið rætt um internetið eða alnetið hin síðustu misseri. Umræðan hefur að mestu leyti farið fram um undir neikvæðum formerkjum, þar sem einkum er rætt um framboð af miður æskilegu efni. Á hinn bóginn er margt mjög jákvætt við alnetið. Þar er heill hafsjór fróðleiks og upplýsinga sem hægt er að sækja í – öllum til góðs. Varðandi ofbeldismyndir í sjónvarpi og kvikmyndahúsum er á alnetinu svokölluð heimasíða, þar sem veflestar nýrri bíómyndir eru skoðaðar með tilliti til atriða sem er ekki henta börnum. Heimasíða þessi heitir “Screen to Screen.” Þar eru myndir flokkaðar eftir því hversu ofbeldiskenndar þær þykja.<sup>13</sup> Einnig eru einstök

<sup>13</sup> Heimslóðin er <http://members.aol.com/screen2/about.htm>. Meðfylgjandi eru upplýsingar um “Screen to Screen” og sýnishorn af umfjöllun heimasíðunnar um myndina “Eraser” sem var mikið auglýst af hálfu kvikmyndahúsanna meðan á athugun á ofbeldisefni í íslensku sjónvarpi stóð yfir.



ofbeldisatriði vegin og metin með tilliti til þess hvort börn megi horfa á þau. Sömuleiðis er málfarið skoðað (blótsyrði), nektarsenur, senur þar sem áfengi og tóbak er haft um hönd, senur þar sem skotvopn sjást o.s.frv. Síðan er lagt mat á fyrir hvaða aldurshóp myndin er ætluð. Þetta er einskonar kvikmyndaefirlit. Með þessu móti geta foreldrar haft vakandi auga með þeim myndum sem eru á boðstólum hjá hinum ýmsu sjónvarpsstöðvum, myndbandaleigum og kvikmyndahúsum og þar með beint fjölmiðlanotkun barnanna inn á aðrar skemmtilegri og æskilegri brautir ef ástæða þykir til.

### Fylgiskjal III.

#### **Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til menntamálaráðherra um ofbeldisefni í fjölmiðlum.**

(235. mál á 120. löggjafarþingi, þskj. 317.)

Telur ráðherra þörf á sérstökum aðgerðum til að draga úr ofbeldisefni í dagskrá fjölmiðla eða að breyta þurfi tilhögun dagskrár fjölmiðlanna til þess að slíkt efni komi síður fyrir augu barna?

#### **Munnlegt svar menntamálaráðherra (Björns Bjarnasonar).**

Herra forseti. Samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum, bera sjónvarpsstöðvar fulla ábyrgð á eigin útsendingum. Hins vegar hafa stjórnvöld á síðustu árum unnið að því að setja reglur sem hafa það að markmiði að stemma stigu við vaxandi ofbeldi í fjölmiðlum.

Ísland er aðili að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ný lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995, sem voru samþykkt á Alþingi sl. vor hafa tekið gildi. Með þeirri lagasetningu voru felld saman í heildstæða löggjöf ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum og ákvæði um skoðun kvikmynda til að meta sýningarhæfni þeirra fyrir börn.

Í 1. gr. laganna segir að bannað sé að framleiða hér á landi eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir. Enn fremur er bönnuð sýning, dreifing og sala slíkra mynda. Ofbeldiskvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum. Hin nýju lög við bann við ofbeldiskvikmyndum eiga að sjálfsögðu einnig við um fjölmiðla.

Hin íslenska löggjöf um þessi efni verður að teljast harla ströng miðað við það sem gerist í nágrennalöndum okkar og hæpið að lengra verði komist eftir þeim leiðum. Stjórnvöldum ber að sjálfsögðu að sjá til þess eftir fremsta megni að gildandi lagaákvæðum sé framfylgt en meginatriði er að fjölmiðlar og ekki síst foreldrar og aðrir forráðamenn barna finni til þessarar ábyrgðar sem hvílir á þeim í þessum efnum. Samvinna allra þessara aðila er forsenda þess að árangri verði náð.

Að því er sjónvarpsstöðvar varðar gera lög ráð fyrir ákveðnu samráði milli þeirra og kvikmyndaskoðunar þótt stöðvarnar beri sjálfar ábyrgð á dagskrárefni sínu eins og áður var sagt.

Kvikmyndaskoðun hefur í ábendingum sínum til sjónvarpsstöðva einkum lagt áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Að efni séð raðað í dagskrá með tilliti til áhorfstíma barna og ofbeldiskenndu efni valin staður sem seinast á dagskrá.
2. Að viðvaranir um dagskrárefni séu samræmdar og fylgi allri dagskrárkynningu.

Að mati kvikmyndaskoðunar hefur skort nokkuð á að þessara atriða sé nógu vel gætt, ekki síst hjá Ríkisútvarpinu. Árangursríkast til að draga úr grófu ofbeldisefni í fjölmiðlum væri vafalaust ef takast mætti að efla með ungu kynslóðinni það viðhorf að slíkt efni sé ómerkilegt og ekki þess virði að eyða í það tíma frá öðrum áhugaverðari viðfangsefnum. Þar reynir enn á hlutverk og fordæmi foreldra. Einnig kann að þurfa að huga að því hvort efla beri fræðslu í skólum sem geti stuðlað að þessu markmiði og auðveldað börnum að átta sig betur á því myndmáli sem ber fyrir augu þeirra í fjölmiðlum og annars staðar.

#### Fylgiskjal IV.

##### **Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til viðskiptaráðherra um kvikmyndauglýsingar í sjónvarpi.** (236. mál á 120. löggjafarþingi, þskj. 318.)

1. Telur ráðherra að kvikmyndauglýsingar í sjónvarpi, þar sem sýnd eru ofbeldisatriði úr kvikmyndum sem bannaðar eru börnum, samrýmist ákvæðum samkeppnislaga, sbr. sérstaklega 22. gr.?
2. Ef svo er ekki, hvað hyggst ráðherra aðhafast í málinu?

##### **Munnlegt svar viðskiptaráðherra (Finns Ingólfssonar).**

Herra forseti. Á þskj. 318 hefur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon beint til mín tveimur fyrirspurnum vegna kvikmyndauglýsinga í sjónvarpi. Hin fyrri hljóðar svo:

„Telur ráðherra að kvikmyndauglýsingar í sjónvarpi, þar sem sýnd eru ofbeldisatriði úr kvikmyndum sem bannaðar eru börnum, samrýmist ákvæðum samkeppnislaga, sbr. sérstaklega 22. gr.?“

Nei. Ég tel að margar þessara auglýsinga samræmist ekki 22. gr. samkeppnislaga, en þar segir m.a. eins og hv. þm. hefur rifjað upp:

„Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirnri barna og unglunga og áhrifa á þau.“

Þeir sem hafa horft á þessar auglýsingar hljóta að geta verið sammála um að í fjölda þeirra eru ofbeldisatriði sem alls ekki eru við hæfi barna. Síðari spurningin hljóðar svo:

„Ef svo er ekki, hvað hyggst ráðherra aðhafast í málinu?“

Í tilefni þessara fyrirspurna hef ég aflað mér upplýsinga hjá Samkeppnisstofnun um hvað samkeppnisyfirvöld hafi aðhafst í málinu.

Á fundi ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þ.e. auglýsinganefndar, þann 21. mars 1995 var fjallað um auglýsingar frá kvikmyndahúsunum í sjónvarpi þar sem sýnd eru kvikmyndaatriði sem ekki hæfa börnum. Í framhaldi af fundinum sendi Samkeppnisstofnun bréf til Ríkisútvarpsins og kvikmyndahúsanna í Reykjavík þar sem þeim tilmælum var beint til þeirra að

virða ákvæði 22. gr. samkeppnislaganna. Tilmælin báru árangur sl. vor en að undanfögnu hafa auglýsingar með kvikmyndaatriðum sem ekki hæfa börnum tekið að birtast aftur og nú einnig frá myndbandaleigum. Því var ákveðið á fundi auglýsinganefndar Samkeppnisstofnunar 11. des. 1995 að ítreka fyrri tilmæli. Samkeppnisstofnun sendi síðan tilmæli um að virða 22. gr. samkeppnislaga til allra sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa í Reykjavík og samtaka myndbandaleiga þar sem jafnframt var bent á þau viðurlög sem unnt er að beita til að framfylgja lögunum. Viðurlögin eru að samkeppnisráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði 22. gr. samkeppnislaga og fylgt banninu eftir með dagsektum.

Skömmu eftir að hin ítrekuðu tilmæli voru send fyrrgreindum aðilum barst samkeppnisráði bréf frá umboðsmanni barna, dags. 17. jan. Í bréfinu er m.a. bent á þau skaðlegu áhrif sem ofbeldi í kvikmyndahúsum getur haft á börn og telur umboðsmaður því brýnt að samkeppnisráð grípi til þeirra úrræða sem því eru tiltæk til þess að banna auglýsingar af þessu tagi. Í framhaldi af bréfi umboðsmanns barna kom auglýsinganefnd saman og mér er kunnugt um að hún hefur í undirbúningi tillögur sem ræddar verða á fundi samkeppnisráðs sem verður haldinn í byrjun næstu viku. Niðurstöðu þess fundar vil ég bíða.

Ég tel brýnt að reynt verði að ná samkomulagi um það milli þeirra aðila sem að þessu standa að stemma stigu við þessu án þess að þurfa að beita þeim ákvæðum sem hægt er að beita á grundvelli samkeppnislaganna til þess að stöðva þetta, þ.e. banninu og dagsektunum. Áður en það verði gert tel ég rétt að það reyni á hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi eins og tókst í upphafi síðasta árs. Takist það hins vegar ekki eru auðvitað engin önnur úrræði til en að beita ákvæðum samkeppnislaga sem þar eru heimiluð.